

Umhverfis- og loftlagsstefna Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og er opinbert skjalasafn. Hlutverk safnsins er að tryggja vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Þjóðskjalasafn skal setja reglur og veita leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, um frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna, veita aðgang að safnkosti, tryggja örugga varðveislu og förgun skjala jafnt rafrænt sem og á pappír. Þjóðskjalasafn er stærsta safn frumheimilda um sögu íslensku þjóðarinnar og skal tryggja gott aðgengi að safnkostinum fyrir notendur, stunda rannsóknir, fræðslu og miðlun.

Þjóðskjalasafn Íslands ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum, koma í veg fyrir mengun og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin fylgir lögum og reglugerðum í umhverfis- og loftlagsmálum með stöðugar umbætur að leiðarljósi og gengur lengra þegar það á við.

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt grænum skrefum í ríkisrekstri og umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalinn.

Þjóðskjalasafn leggur áherslu á að:

- Fylgja viðmiðum grænna skrefa fyrir ríkisstofnanir.
- Efla vistvæna varðveislu skjala.
- Draga úr beinni og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda í allri starfsemi stofnunarinnar í samræmi við loftlagsmarkmið ríkisstjórnarinnar.
- Fara vel með auðlindir svo sem raforku, heitt vatn og pappír.
- Draga úr myndun úrgangs og hámarka endurvinnslu.
- Kaupa inn vistvænar vörur og þjónustu.
- Efla umhverfisvitund starfsfólks með þjálfun og fræðslu.
- Starfsemi Þjóðskjalasafns verður kolefnisjöfnuð í samstarfi við viðurkennda aðila.

Umhverfis- og loftlagsstefnan á við um alla starfsemi Þjóðskjalasafns og er rýnd árlega af framkvæmdastjórn, umhverfis- og loftlagsmarkmið sett, árangur mældur og upplýsingum um árangur er miðlað á vef Þjóðskjalasafns og í ársskýrslu ár hvert.

Stefnan rýnd og samþykkt af framkvæmdastjórn 9. maí 2022.